



KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS  
FEDERATION OF ICELANDIC WOMEN'S SOCIETIES

ADILIAÐ  
N.H.F.  
OG  
A.C.W.W.

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120/864*

*komudagur 26/2 1996*

Hallveigarstöðum · Túngötu 14  
Pósthólf 133 · 101 Reykjavík  
Sími 551 2335 - 552 7430  
Fax 562 5150

*auksh.*

**Félagsmálanefnd Alþingis**  
**b.t. Kristjönu Benediktsdóttur**  
**Þórshamri v/Templarasund.**

Rvík. 20.02.1996

Á vegum Kvenfélagasambands Íslands starfar nefnd sem hefur það hlutverk að fara yfir tillögur til þingsályktunar sem sendar eru K. Í. frá Alþingi.

Hjálagt er umsögn um frumvarp til laga um tækniþróun.

f.h. Kvenfélagasambands Íslands

*Drífa Hjartardóttir*

Drífa Hjartardóttir  
forseti K.Í.



## Frumvarp til laga um tæknifrjógvun. (Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995).

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og er sammála því í meginatriðum.

Hún telur að kominn hafi verið tími á að festa þessar aðgerðir, sem nú þegar hafa farið fram innanlands um nokkurn tíma, innan lagaramma og tryggja rétt allra aðila.


Nefndin er sammála um að nafnleyndar eigi að gæta í þeim tilfellum sem gjafasæði er notað og í engum tilfellum sé nafnleynd aflétt. Annað mál er að sjalfsagt þykir að einstaklingurinn viti málsatvik um tilurð sína og er eðlilegt að foreldrar njóti faglegrar ráðgjafar við að koma þeim upplýsingum til barnsins, ef á þarf að halda, líkt og við upphaf meðferðar.


Nefndin tekur undir þau rök að búa barninu, sem tæknifrjógvunin kemur af stað í heiminn, þau bestu skilyrði sem viðurkennd eru í þjóðfélaginu þ.e. að heimilið samanstandi af karli og konu (í sambúð eða gift) svo og einhver aldurstakmörk umsækjenda .

Nefndin er einnig sammála þeim kafla sem fjallar um eyðingu sæðis og fósturvísa við fráfall og/eða skilnað einstaklinganna sem í hlut áttu. Það mætti bæta þar við að tilkynningarskyldu sé krafist af einstaklingunum og jafnframt þarf nákvæmni geymsluaðila við að fylgjast með öllum breytingum.

Nefndina skipa:

  
Þórey Guðmundsdóttir

  
Kristín Guðmundsdóttir

  
Jóséfína Hólga Guðmundsdóttir